

# Fundargerð 41. fundar

## stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2020, fimmtudaginn 12. mars kl. 12:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar símafundur í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Stefán Bogi Sveinsson, Árni Eiríksson, Ása Valdís Árnadóttir, Dagbjört Jónsdóttir, Jóhann Friðrik Friðriksson, Ásta Berghildur Ólafsdóttir og Valdimar O. Hermannsson.

Að auki sat fundinn: Valgerður Freyja Ágústsdóttir sem ritaði fundargerð.

Allir fundarmenn tóku þátt í fundi í gegnum síma.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Noregsferð stjórnar 2019 - 1901002SO

Kallað til fundar um fyrirhugaða Noregsferð vegna heimsfaraldurs Covid-19 og áhrifa hans. Faraldurinn hefur haft þau áhrif í Noregi að ríkisstjórnin hefur mælt með að allir vinni að heiman sem það geti. Þá hefur mörgum skólum verið lokað vegna Corona veirunnar, og flestum fundum aflýst eða frestað.

*Stjórnin sammála um að í ljósi fordæmalausra aðstæðna sé sjálfhætt við ferðina. Formanni falið að kanna rétt samtakanna gagnvart ferðaskrifstofu með tilliti til endurgreiðslu að hluta eða frestunar ferðar. Stjórn sammála um að kanna kosti þess að fresta ferð fram á haust eða jafnvel um 1 ár.*

Fundi var slitið kl. 12:30

---

Stefán Bogi Sveinsson

---

Árni Eiríksson

---

Ása Valdís Árnadóttir

---

Dagbjört Jónsdóttir

---

Jóhann Friðrik Friðriksson

---

Ásta Berghildur Ólafsdóttir

---

Valdimar O. Hermannsson